

Héraðsdómur Austurlands

Dómur 30. nóvember 2020

Mál nr. S-199/2020:

Lögrelustjórinn á Austurlandi
(*Helgi Jensson aðstoðarsaksóknari*)
gegn
X
(*Stefán Karl Kristjánsson lögmaður*)

Dómur:

A.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. nóvember 2020, er höfðað með ákæru lögrelustjórans á Austurlandi, útgefinni 22. september sl., en móttækinni 13. október sama mánaðar, á hendur X, kt. [...], [...], [...];

„fyrir eftirtalda háttsemi sem framin var á Fljótsdalshéraði fimmtudaginn 26. mars 2020:

I.

Fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, með því að hafa, ... , haft í vörslum sínum 0,18 gr af kókaíni og 39,52 gr af marihuana (smjörblönduðu) sem fannst við leit á heimili ákærða, í íbúð á efri hæð að [...], [...].

Telst þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. breytingarlög og 2. gr., sbr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. breytingarreglugerðir.

II.

Fyrir peningþvætti, með því að hafa fram að ofanefndum degi, tekið við, aflað sér, geymt og/eða umbreytt ávinningi af sölu- og dreifingu ótiltekins magns fíkniefna, samtals að fjárhæð kr. 88.000 ...

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr., 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. breytingarlög.

IV.

Fyrir vopnalagabrot með því að hafa, á ofanefndum tíma, á heimili sínu, sem eigandi og vörsluaðili, geymt riffil, tegund Norinco, caliber 22 (eintaksnúmer 1691781) og loftknúna litboltabyssu með áföstum sjónauka og leisermiði, sem hann hafði ekki leyfi fyrir og var óskráð og 140 stykki af 22 calibera riffilskotum, án þess að tryggja vörslur skotvopna og skotfæra með þeim hætti að óviðkomandi nái ekki til þeirra, en skotvopnin voru geymd uppi á eldhússkáp, en riffilskotin í pappakassa í stofuskáp og án þess að geyma framangreind skotvopn og skotfæri í aðskildum, læstum hirslum.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr. 23. gr. vopnalaga nr. 16/1998, sbr. 1. og 2. mgr. 33. gr., sbr. 59. gr., reglugerðar um skotvopn, skotfæri o.fl. nr. 787/1998, allt sbr. 1. mgr. 36. gr. nefndra vopnalaga sbr. breytingarlög.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Þá er þess krafist að gerð verði upptæk framangreind 0,18 gr af kókaíni og 39,52 gr af marihuana (smjörblönduðu), sem hald var lagt á, með vísan til 6. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001, sbr. breytingarreglugerðir.

Þess er einnig krafist að ... sterar, Osandrolone, tvö box með töflum og Susden 250, ambúllur, 14 stykki, sem hald var lagt á við rannsókn málsins, verði gerð upptæk, sbr. 1. mgr. 181. gr. tollalaga nr. 88/2005, (Munaskrá nr. 516368 og 516369).

Jafnframt er, samkvæmt heimild í 7. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001, krafist upptöku á eftirtöldum munum sem notaðir voru eða ætlaðir voru til ólögætrar meðferðar fíkniefna og lögreglan lagði hald á við rannsókn málsins:

1. Vigtar, 4 stk. (Munaskrá nr. 516365).
2. Bók og laus blöð með upplýsingum um fíkniefnaviðskipti, 1 stk. (Munaskrá nr. 516366).
3. Óþekktur vökvi í 4 plastflöskum, (sagt vera spicevökvi).

Þá er krafist upptöku á loftknúinni litboltasbyssu með áföstum sjónauka og leisermiði (óskráðri skambyssu) með heimild í 1. mgr. 37. gr. vopnalaga nr. 16/1998, (Munaskrá nr. 516362).

Að síðustu er þess krafist, með vísan til 69. gr. og 69. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. breytingarlög, að ákærði verði dæmdur til að sæta upptöku á peningum

sem fundust við leit á heimili ákærða að [...], [...], kr. 88.000. Upptökukrafan tekur einnig til áfallinna vaxta og verðbóta hinna haldlögðu verðmæta frá haldlagningardegi til upptökudags. (Munaskrá nr. 516367).“

Af hálfu ákærvalds var við meðferð málsins fyrir dómi fallið frá hluta sakargifta samkvæmt I. og II. kafla ákæru, og að auki var alfarið fallið frá sakaratriðum III. kafla.

Skipaður verjandi ákærða, Stefán Karl Kristjánsson lögmaður, krafðist fyrir hönd ákærða vægustu refsingar sem lög leyfa, en jafnframt krafðist hann hæfilegar málflutningsþóknunar, auk greiðslu vegna útlagðs ferðakostnaðar.

B.

Fyrir dómi hefur ákærði skýlaust viðurkennt sakargiftir, líkt og þeim er lýst í endanlegri gerð ákæru. Með játningu ákærða, sem ekki er ástæða til að efa að sé sannleikanum samkvæm, sem og að virtum rannsóknargögnum lögreglu, þ. á m. framburðarskýrslu ákærða, er nægjanlega sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem lýst er í endanlegri gerð ákæru, en brot hans eru þar og réttilega heimfærð til laga.

Að ofangreindu virtu verður ákærði sakfelldur fyrir þá háttsemi sem honum er gefin að sök.

Verður lagður dómur á málið án frekari sönnunarfærslu, sbr. heimildarákvæði 164. gr. laga nr. 88/2008.

C.

Ákærði, sem er fæddur á árinu [...], hefur samkvæmt sakavottorði ekki áður sætt refsingu.

Í máli þessu hefur ákærði verið sakfelldur fyrir fíkniefnalagabrot, peningaþvætti og vopnalagabrot og ber að ákvarða honum refsingu með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin tveggja mánaða fangelsi. Að virtri skýlausri játningu ákærða, en einnig iðran, þykir rétt að fresta fullnustu refsingarinnar og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins að telja haldi hann almennt skilorð 57. gr. hegningarlaganna, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði skal sæta upptöku á þeim fíkniefnum, sterum og munum sem tilgreind eru í ákæru, sbr. efna- og munaskrár lögreglu nr. 43.286, 144.948, 516362-516369.

Að kröfu ákærvalds og með vísan til 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, en samkvæmt yfirliti lögreglustjóra nemur kostnaður hans samtals 1.745 krónum. Að auki skal ákærði greiða málflytningabókun til skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmanns, vegna starfa hans við alla meðferð málsins, hjá lögreglu og fyrir dómi, 688.200 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti, og er þá m.a. tekið mið af framlögðu yfirliti þar um. Einnig skal ákærði greiða útlagðan ferðakostnað verjandans, að fjárhæð 38.950 krónur.

Með málið fór af hálfu ákærvalds Helgi Jensson aðstoðarsaksóknari.

Ólafur Ólafsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, X, sæti tveggja mánaða fangelsi, en fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi hann almennt skilorð 57. gr. hegningarlaganna, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði sæti upptöku á þeim fíkniefnum, sterum og munum sem tilgreind eru í ákæru, sbr. efna- og munaskrár lögreglu nr. 43.286, 144.948, 516362-516369.

Ákærði greiði 689.945 krónur í sakarkostnað, þ.m.t. þóknun skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmanns, 688.200 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti. Að auki skal ákærði greiða ferðakostnað verjandans að fjárhæð 38.950 krónur.